

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Elsu Láru Arnardóttur um verðtryggðar eignir banka.

Svörin byggjast á upplýsingum frá Seðlabanka Íslands. Forsendur svaranna eru:

- a. Gert er ráð fyrir að hér sé spurt um Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankann, hlutfall verðtryggðra lána þeirra til heimila annars vegar með veði í fasteignum og hins vegar án veðs í fasteignum.
- b. Verðtryggðar eignir þessara þriggja banka eru þær eignir sem eru sérstaklega aðgreinanlegar sem verðtryggðar í efnahagi bankanna á móðurfélagsgrunni. Aðrar eignir í efnahag bankanna eru ekki sérstaklega sundurliðaðar í verðtryggðar eða óverðtryggðar eignir og koma því ekki fram í heildareignum þeirra.

1. *Hversu hátt hlutfall af verðtryggðum eignum bankanna þriggja eru verðtryggð húsnæðislán?*

Hlutfallið 30. september sl. var 57,3%.

2. *Hversu hátt hlutfall af verðtryggðum eignum sömu banka eru önnur verðtryggð lán til heimila landsins?*

Hlutfallið 30. september sl. var 6,4%.